

Ed.

574. Breytingartillögur

[18. mál]

við frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „í lögum þessum“ komi: í II. kafla þessara laga.
2. Við 2. gr. Orðin „sbr. einnig 10. gr.“ í lok 1. mgr. falli brott.
3. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: og V. kafla.
4. Við 10. gr. 2. mgr. falli brott.
5. Á eftir 12. gr. komi ný grein í nýjum kafla (V. kafla), með fyrirsögninni:
Ríkisstyrkt útgáfa. Greinin orðist svo:

Þeir útgefendur, stofnanir, félag eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess, og ber Landsbókasafni að taka frá þrjú eintök af hverju þeirra og ætla þau Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.